

kr. 76.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dómsins.

Stefnandi hefur sjóveðrétt í m/s Akraborg, EA 50, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dóminum má fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 4. desember 1968.

Nr. 189/1968. **Hjörleifur Hallgríms**

(Jón Hjálmarsson hrl.)

gegn

Kristjáni Gíslasyni (enginn)

og

Emil M. Andersen

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál. Afsögn víxils.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. október 1968. Krefst hann þess, að hinum stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt „kr. 83.995.60 ásamt 1% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 43.995.60 frá 1. marz 1968 og af kr. 40.000.00 frá 15. marz 1968, hvort tveggja til greiðsludags, kr. 561.00 í bankakostnað og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti“.

Stefndi Emil krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda Kristjáns hafa engar kröfur verið gerðar.

Samkvæmt gögnum málsins og 3. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933 var greiðslustaður víxlanna heimili samþykkjanda þeirra, stefnda Kristjáns. Samkvæmt 91. gr. sömu laga átti afsagnargerð að fara þar fram. Með þessum athugasemdum

og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. og lög nr. 54/1965 og auglýsingu Seðlabanka Íslands 18. maí 1965 um dráttarvexti af víxlum og tékkum, ber að staðfesta héraðsdóminn.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda Emil kr. 10.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti, en að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hjörleifur Hallgríms, greiði stefnda Emil M. Andersen kr. 10.000.00 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 11. september 1968.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með dómstefnu, útgefni 19. f. m. og birtri s. d., af Hjörleifi Hallgríms kaupmanni, Faxastíg 35 hér í bæ, á hendur Kristjáni Gíslasyni útgerðarmanni, Svalbarða, og Emil M. Andersen útgerðarmanni, Heiðarvegi 13, báðum hér í bæ, til heimtu skuldar samkvæmt 2 víxlum að fjárhæð kr. 83.995.60 með 1% vöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði frá 1/3 1968, kr. 561.00 í bankakostnað auk alls málskostnaðar að skaðlausu.

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt 2 víxlum, útgefnum 28. og 29. ágúst 1967 af stefnda Emil og ábektum af honum, en samþykktum af stefnda Kristjáni til greiðslu í Landsbanka (sic) Íslands, Vestmannaeyjum.

Annar víxillinn, kr. 43.995.60, var í gjalddaga 1. marz s.l., en hinn, kr. 40.000.00, þann 15. s. m.

Víxlarnir hafa verið í innheimtu í Útvegsbankanum hér og bera bankanúmer 098421 og 098422. Voru þeir afsagðir sökum greiðslufalls hinn 4. 3. s.l. og þann 18. s. m. Kveður stefnandi síðari innheimtutilraunir ekki hafa borið árangur og sé mál því höfðað.

Varðandi víxlana er það að athuga, að óljóst er um greiðslustað þeirra, sbr. að ofan. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933 ber því að líta svo á, að greiðslustaður sé heimili samþykkjanda.

Bar því að sýna þá þar til greiðslu, en eigi í Útvegsbankanum. Samkvæmt þessu var sýningunni áfátt og afsögnin gildislaus.

Samkvæmt 53. gr. víxillaganna er víxilréttur þannig glataður gagnvart öðrum en samþykkjanda.

Ber því ex officio að sýkna stefnda Emil af kröfum stefnanda.

Stefndi Kristján mætti hvorki né lét mæta í málinu, og ber því að leggja dóm á málið, hvað hann varðar, eftir framlögðum skjölum og skilríkjum stefnanda, og með því að dómkröfur hans, sem m. a. hefur lagt fram stimpluð frumrit téðra víxla, eru í samræmi við téð skjöl, ber að taka höfuðstólskröfuna til greina að fullu gagnvart stefnda Kristjáni.

Þá ber að taka kröfuna um 1% mánaðarvexti til greina, að því er stefnda Kristján varðar, þó svo, að vextir af kr. 40.000.00 greiðist einungis frá 15/3 s.l., en frá 1/3 greiðast vextir einungis af kr. 43.995.60.

Með vísan til framanritaðs ber að taka til greina, að því er stefnda Kristján varðar, þann lið bankakostnaðarkröfunnar, er lýtur að stimpilkostnaði, en nefnd skjöl auk víxilnótu, dskj. nr. 5, bera með sér, að það gjald nam kr. 201.00.

Með vísan til sama skjals svo og fylgiskjala víxlanna, þ. e. afsagnargerða, er ljóst, að annar svonefndur bankakostnaður er fólgin í afsagnarkostnaði, kr. 180.00. Þennan kostnað þykir eigi bera að dæma stefnda Kristján til að greiða vegna galla þeirra við sýningu og afsögn, sem áður greinir, og þykir bera ex officio að sýkna hann að þessu leyti.

Eftir úrslitum málsins ber að tildæma stefnanda málskostnað úr henda stefnda Kristjáns, er þykir hæfilega metinn kr. 11.000.00. Stefndi Emil mætti ekki í málinu, og ber honum því eigi málskostnaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi Emil M. Andersen skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi Kristján Gíslason greiði Hjörleifi Hallgríms kr. 83.995.60 með 1% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1/3 s.l. til greiðsludags af kr. 43.995.60, en frá 15/3 s.l. til greiðsludags af kr. 40.000.00, kr. 201.00 í stimpilkostnað og kr. 11.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.